



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun á sýningu
um
Jón Sveinsson, Nonna
Kyoto, Japan
2009**

Ágætu sýningagestir

Jón Sveinsson, Nonni var í fremstu röð þeirra sem með verkum sínum kynntu Ísland markvisst á erlendri grund. Hann sá töfra landsins með augum barnsins, náði að höfða til æskunnar í hjörtum lesenda víða um heim. Einlæginn heillaði alla, einkum hvernig hann sá daglegt líf í sérstökum ljóma.

Hann var ekki aðeins rómaður kennimaður og rithöfundur, heldur einnig eftirsóttur fyrirlesari hvar sem hann kom, allt frá Danmörku austur til Japan, og svo mikil málamaður að hann talaði og ritaði jöfnum höndum á íslensku, dönsku, þýsku og frönsku. Fyrirlestrarnir skipta þúsundum og í öllum var Ísland þungamiðjan. Þeir voru kryddaðir góðlátlegri sagnagleði og djúpri ást á landi elds og ísa, safaríkum lýsingum á einstæðri náttúru og skemmtilegum frásögum úr daglegu lífi. En aðdráttaraflíð var maðurinn sjálfur enda sagði Nóbels höfundurinn Halldór Laxness að Nonni hafi verið „einn þessara fáu manna sem eru alveg fullkomlega töfrandi.”

Nonnabækurnar sem við minnumst með hlýju frá eigin æskulestri leiddu ungviði um allan heim inn í bjarta og kyrrstæða veröld íslenskrar sveitar og ævintýraheim þar sem lífshættan var aldrei fjarri hraustum strákum. Bækurnar urðu fjölmörgum tilefni til þess að sækja Ísland heim, vitja sagnaslóða í norðri. Vinsældir sjónvarpsþátta sem byggðir voru á Nonnabókunum fyrir nokkrum árum sýndu einnig að þeir eru enn margir sem minnst þessara bóka. Það hef ég einnig reynt á ferðum mínum víða

um heim. Þeir eru ófáir sem hafa í samræðum tekið upp þráðinn um Nonna.

Eins og margir aðrir get ég vottað um hve djúpstæð áhrif bækur Nonna höfðu á mig þegar ég kynntist þeim fyrst ungur strákur í vestfirsku sjávarplássi. Við félagarnir lásum þær allar, sumar oft og ætíð virkaði galdurinn vel, frásögnin seiddi okkur í undraheim.

Þegar rúmlega hálf önnur öld er liðin frá fæðingu Nonna er við hæfi að minnst hans á veglegan hátt eins og gert er á ýmsan veg. Við fögnum sérstaklega sýningunum í Japan þar sem Nonni hefur átt marga aðdáendur. Ég sendi þeim mínar bestu kveðjur og færi öllum sem komið hafa að þessum sýningunum einlægur þakkir.